

Til Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. desember 2008

Umsögn um frumvarp til laga um sjúkraskrár, 170 mál, heildarlög

Almenn umsögn

Nýtt frumvarp um sjúkraskrár skilgreinir mun nákvæmar en gert er í núgildandi lögum hvernig staðið skuli að skráningu, varðveislu og aðgangi að sjúkraskrár. Ég fagna því að sérstök lög skuli sett um sjúkraskrár. Ég tel það mjög jákvætt að í frumvarpinu er kveðið á um skyldu heilbrigðisstarfsmanna til að færa upplýsingar í sjúkraskrár.

Athugasemd við skilgreininguna á orðinu heilbrigðisstarfsmaður

Fjölbrautaskólinn við Ármúla annast menntun ákveðinna heilbrigðisstétta. Sjúkraliðar, lyfjatæknar, lækningaritarar og tanntæknar eru löggiltar heilbrigðisstéttir og nær því skilgreining frumvarpsins á heilbrigðisstarfsmönnum yfir þær. Tvær starfstéttir hafa ekki fengið löggildingu sem heilbrigðisstéttir, heilbrigðisritarar (hjúkrunar- og móttökuritarar) og heilsunuddarar. Aðalstarf heilbrigðisritara er að skrá upplýsingar um sjúklinga í sjúkraskrár og því finnst mér óeðlilegt að þeir fái ekki löggildingu sem heilbrigðisstétt. Sama á við um heilsunuddara sem meðhöndla sjúklinga, sem t.d. lækningar vísa til þeirra. Ég læt fylgja hér með námskrár þessara tveggja „heilbrigðisstétta“.

Athugasemd við 17. grein

Í fyrri drögum að sömu lögum var heimilaður aðgangur að sjúkraskrár vegna vísindarannsókna. Þessi setning virðist hafa horfið úr þessu nýja frumvarpi. Ég mælist því til þess að inn í 17. grein bætist við setning þar sem stendur að: „aðgangur að sjúkraskrár sé leyfður vegna vísindarannsókna á heilbrigðisviði, svo fremi sem fyrir liggi leyfi frá Vísindasiðanefnd, Persónunefnd og ábyrgðaraðila sjúkraskrár.“

Virðingarfyllst,

Gísli Ragnarsson

Gísli Ragnarsson
skólameistari



NÁMSBRAUT FYRIR HEILBRIGÐISRITARA (HM) 80 EIN.

Meginmarkmið námsins er að gera nemendum kleift að takast á við þau viðfangsefni sem heilbrigðisritarar inna af hendi við móttöku sjúklinga, skráningu gagna, gjaldkerastörf og almenn skrifstofustörf. Meðalnámstími er um tvö og hálf ár, fjögurra anna nám í skóla, samtals 68 einingar, og vinnustaðanám á heilbrigðisstofnunum eða hjá fyrirtækjum í heilbrigðisþjónustu sem metið er til 12 eininga.

Almennar greinar			23 ein.
Erlend mál	DAN 102 ENS 102 + 4	8 ein.	
Íslenska	ÍSL 102 202	4 ein.	
Íþróttir	ÍÞR 101 111 201 211	4 ein.	
Lífsleikni	LKN 103/101 111 121	3 ein.	
Stærðfræði	STÆ 172 + 2 ein.	4 ein.	
Almennar heilbrigðisgreinar			20 ein.
Heilbrigðisfræði	HBF 103	3 ein.	
Líkamsbeiting	LÍB 101	1 ein.	
Samskipti	SAS 103	3 ein.	
Sálfræði	SÁL 123 223	6 ein.	
Siðfræði	SIÐ 102	2 ein.	
Skyndihjálp	SKY 101	1 ein.	
Viðbrögð v. áföllum og sorg	VÁS 102	2 ein.	
Vinnan og vinnumarkaður	VIN 101	1 ein.	
Umsjón og öryggi	UMÖ 101	1 ein.	
Sérgreinar brautar			25 ein.
Fagmál og upplýsingaleit	FUL 103	3 ein.	
Líffæra-, lífeðlis- og sjúkdómafræði	LOS 103 203	6 ein.	
Lyfjafræði	LYF 112	2 ein.	
Skjalastjórnun	SKL 101	1 ein.	
Starfsumhverfi heilbrigðisstofnana	STA 103	3 ein.	
Upplýsingatækni á heilbrigðisstofnunum	UTH 103 203	6 ein.	
Verkefnastjórnun/gæðastjórnun	VEK 102	2 ein.	
Þjónustuhlutverk	ÞJH 102	2 ein.	
Vinnustaðanám			12 ein.
Verknám	VHR 103 203	6 ein	
Starfsþjálfun	SHR 103 203	6 ein	

Námsbraut fyrir nuddara (NN)

121 ein.

Markmið brautarinnar er að veita nemendum fræðilegan grunn og faglega verkþjálfun sem gerir þeim kleift að starfa sjálfstætt sem nuddarar að námi loknu. Meðalnámstími er þrjú til fjögur ár, þar af 6 annir í skóla og 25 vikna (1000 klst.) starfsþjálfun undir leiðsögn reynds fagmanns.

Almennar greinar			23 ein.
Erlend tungumál	DAN ¹ 102 ENS 102 + 4 ein.	8 ein.	
Íslenska	ÍSL 102 202	4 ein.	
Íþróttir	ÍÞR 101 111 201 211	4 ein.	
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.	
Stærðfræði	STÆ 102/172 + 2 ein.	4 ein.	
Sérgreinar			73 ein.
Bókfærsla	BÓK 103	3 ein.	
Eðlisfræði fyrir nuddara	EÐL 132	2 ein.	
Heilbrigðisfræði	HBF 103	3 ein.	
Heildrænt nudd	HNU 104	4 ein.	
Ilmoliufræði	ILM 103	3 ein.	
Íþróttameiðsl	ÍÞM 102	2 ein.	
Íþróttanudd	ÍÞN 103	3 ein.	
Klassískt nudd	KLN 105	5 ein.	
Líffæra- og lífeðlisfræði	LOL 103 203	6 ein.	
Líkamsbeiting	LÍB 101	1 ein.	
Náttúruvísindi	NÁT 103 123	6 ein.	
Næringarfræði	NÆR 103	3 ein.	
Rekstur fyrirtækja	REF 101	1 ein.	
Sálfræði	SÁL 103/123	3 ein.	
Siðfræði	SIÐ 102	2 ein.	
Sjúkdómafræði	SJÚ 103 203	6 ein.	
Skyndihjálp	SKY 101	1 ein.	
Sogæðanudd	SOG 103	3 ein.	
Svæðanudd	SVN 105	5 ein.	
Upplýsingatækni	UTN 103	3 ein.	
Vöðvafræði	VFF 102	2 ein.	
Vöðva- og hreyfifræði	VHF 104	4 ein.	
Vöðvateygjur (sérhæfðar)	VTG 102	2 ein.	
Starfsþjálfun 25 vikur			25 ein.

¹ Norska eða sænska.